

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/34

frá 14. desember 2004

um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda skráðra félaga (*)

(2004/913/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin samþykkti, í maí 2003, orðsendingu um „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnunarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu – Áætlun um þróun“⁽¹⁾. Auk tillagna um að auka rétt hluthafa og færa stjórnina til nútímahorfs er í henni gert ráð fyrir frumkvæði sem miðar að því að hvetja til þess að tekið verði upp viðeigandi reglukerfi um starfskjör stjórnenda í aðildarríkjunum.
- 2) Form, skipulag og umfang starfskjara stjórnenda eru málefni sem falla undir valdsvið félaga og hluthafa þeirra. Þetta ætti að leiða til þess að hægara verður um vik að ráða og halda í stjórnendur sem hafa þá eiginleika sem þarf til að reka félag. Starfskjör eru þó meðal þeirra málefna sem helst gætu leitt til hagsmunaárekstra hjá framkvæmdastjórum og þar sem taka verður tillit til hagsmuna hluthafa. Af þessum sökum ætti starfskjarakerfi að lúta viðeigandi eftirliti stjórnar er byggist á rétti til fullnægjandi upplýsinga. Í þessu tilliti er mikilvægt að virða að fullu þá fjölbreytni sem einkennir stjórnunarhætti fyrirtækja í Bandalaginu sem aftur endurspeglar ólík viðhorf aðildarríkjanna til hlutverks fyrirtækja og þeirra aðila sem bera ábyrgð á mörkun stefnu um starfskjör stjórnenda og starfskjör einstakra stjórnenda þeirra á meðal.
- 3) Birting útgefenda verðbréfa á nákvæmum upplýsingum og í tæka tíð byggir upp varanlega tiltrú fjárfesta og er mikilvæg leið til stuðla að traustum stjórnunarháttum í fyrirtækjum í Bandalaginu. Í þessu skyni er mikilvægt að skráð félög sýni viðeigandi gagnsæi í samskiptum sínum við fjárfesta þannig að þeir fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós.

- 4) Aðildarríkin skulu taka tillit til sérstöðu fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga, við framkvæmd þessara tilmæla og skulu koma í veg fyrir að ólíkum gerðum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sé mismunað að nauðsynjalausu. Í tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS)⁽²⁾ er þegar kveðið á um sérstakar reglur um stjórnunarhætti í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu eins og þau eru skilgreind í þeirri tilskipun. Til að koma í veg fyrir óþarfa mismunun þessara fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga og falla ekki undir samræmingu á vettvangi Bandalagsins, skulu aðildarríkin taka tillit til þess hvort og að hvaða marki þessi fyrirtæki, sem lúta ekki samræmingu, falla undir jafngildar reglur um stjórnunarhætti.
- 5) Láta skal hluthöfum í té skýrt heildaryfirlit yfir starfskjarastefnu félagsins. Slíkar upplýsingar myndu gera hluthöfum kleift að meta afstöðu félagsins til starfskjara og eru til þess fallnar að auka ábyrgð félagsins gagnvart hluthöfum. Í þeim skulu koma fram allir þættir starfskjara. Þetta skyldar félagið þó ekki til þess að láta í té viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem gætu haft skaðleg áhrif á mikilvæga stöðu þess.
- 6) Enn fremur skal tryggja fullnægjandi gagnsæi í stefnu varðandi samninga við stjórnendur. Þetta felur í sér miðlun upplýsinga um mál á borð við uppsagnarfresti og starfslökagreiðslur samkvæmt slíkum samningum sem tengjast starfskjörum stjórnenda með beinum hætti.
- 7) Í því skyni að veita hluthöfum raunveruleg tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og færi á að ræða starfskjarastefnu, á grundvelli heildstæðra upplýsinga, án þess að greiða þurfi atkvæði um ályktun hluthafa, skal starfskjarastefnan vera sérstakur liður á dagskrá aðalfundar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 31.

(1) COM(2003) 284 lokaútgáfa.

(2) Stjtið. EB L 375, 31.12.1985 bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (Stjtið. EB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

- 8) Til að auka ábyrgð skal á aðalfundi leggja fram stefnu varðandi starfskjör. Atkvæðagreiðsla fundarins getur verið leiðbeinandi þannig að engin breyting verði á rétti þeirra aðila sem bera ábyrgð á starfskjörum stjórnenda. Leiðbeinandi atkvæðagreiðsla hefði hvorki í för með sér skuldbindingu um að breyta réttindum stjórnenda samkvæmt samningum né heldur að breyta stefnu varðandi starfskjör.
- 9) Einnig skal láta hluthöfum í té upplýsingar sem má nota til að draga einstaka stjórnendur til ábyrgðar vegna starfskjara sem þeir njóta eða hafa notið. Því er mikilvægt að gefa upplýsingar um starfskjör til einstakra stjórnenda félagsins, stjórnenda innan og utan framkvæmdastjórnar og þeirra stjórnenda sem annast eftirlit, á fyrra fjárhagsári þannig að þeim sé unnt að meta starfskjörin í ljósi heildarárangurs félagsins.
- 10) Breytileg kerfi um starfskjör stjórnenda í formi hluta, hlutabréfavalréttar eða annars réttar til að kaupa hluti eða á grundvelli verðbreytinga á hlutum, og verulegar breytingar á slíkum kerfum, eru háð því að aðalfundur hafi áður samþykkt þau. Samþykkið skal taka til kerfis um starfskjör einstaklinga og reglna um ákvarðanir slíkra starfskjara samkvæmt kerfinu en ekki til starfskjara einstakra stjórnenda samkvæmt kerfinu.
- 11) Í ljósi þess hversu mikilvægt málefnið um starfskjör stjórnenda telst vera er rétt að haft sé eftirlit með framkvæmd þessara tilmæla og íhuga frekari ráðstafanir ef framkvæmdin þykir ófullnægjandi.
- 1.2. Aðildarríkin skulu enn fremur gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skráð félög, sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila í einu aðildarríkjanna en eru með aðalskráningu á skipulegum markaði á yfirráðasvæði þeirra, taki tillit til ákvæða þessara tilmæla.
- 1.3. Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að þessi tilmæli taki til starfskjara forstjóra (chief executive officers) sem sitja hvorki í stjórn, framkvæmdastjórn né eftirlitsstjórn skráðs félags.
2. *Skilgreiningar að því er þessi tilmæli varðar*
- 2.1. „Stjórnandi“: stjórnarmaður í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn skráðs félags.
- 2.2. „Skráð félag“: félag þar sem verðbréf þess hafa verið tekin til skráningar á skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB í einu eða fleiri aðildarríkjum.

II. Þáttur

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

Stefna varðandi starfskjör

I. Þáttur

Gildissvið og skilgreiningar

1. Gildissvið
- 1.1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skráð félög, með skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þeirra, taki tillit til þessara tilmæla. Þau skulu, engu að síður, taka tilhlýðilegt tillit til sérkenna fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga, samkvæmt gildissviði tilskipunar 85/611/EBE. Aðildarríkin skulu auk þess taka tillit til sérkenna fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga en falla ekki undir þá tilskipun og hafa einvörðungu þann tilgang að fjárfesta með peningum, sem fjárfestar hafa aflað, í ýmiss konar eignum en sækjast hvorki eftir lagalegum né stjórnunarlegum yfirráðum yfir útgefendum þeirra fjárfestinga sem að baki liggja.
3. *Upplýsingar um stefnu varðandi starfskjör stjórnenda*
- 3.1. Hvert skráð félag skal birta yfirlýsingu um stefnu félagsins varðandi starfskjör (yfirlýsing um starfskjör). Hún skal vera hluti óháðrar skýrslu um starfskjör og/eða vera felld inn í ársreikning og ársskýrslu eða skýringar með ársreikningum félagsins. Yfirlýsingin um starfskjör skal enn fremur sett á vefsíðu skráða félagsins.
- 3.2. Yfirlýsingin um starfskjör skal einkum varða stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda á næsta fjárhagsári og, ef við á, næstu ár þar á eftir. Í henni skal einnig koma fram yfirlit yfir það á hvern hátt stefnu varðandi starfskjör hefur verið komið til framkvæmda á fyrra fjárhagsári. Sérstök áhersla skal lögð á verulegar breytingar á stefnu skráða félagsins varðandi starfskjör borið saman við fyrra fjárhagsár.

3.3. Í yfirlýsingunni um starfskjör skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) skýring á hlutfallslegu mikilvægi breytilegra og fastra þátta í starfskjörum stjórnenda,
 - b) fullnægjandi upplýsingar um árangursviðmið sem hlutabréfavalréttur, hlutir eða breytilegir þættir starfskjara byggjast á,
 - c) fullnægjandi upplýsingar um tengsl milli starfskjara og árangurs,
 - d) helstu breytur og rökstuðningur fyrir árlegu bónuskerfi og annarri umbun í fríðu,
 - e) lýsing á því sem helst einkennir viðbótarlífeyri eða kerfi fyrir snemmttekinn eftirlaun stjórnenda.
- Þessar upplýsingar í yfirlýsingu um starfskjör skulu þó ekki fela í sér viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að kveða á um að slík atkvæðagreiðsla skuli því aðeins fara fram að hluthafar, sem ráða yfir minnst 25% af heildarfjölda atkvæða þeirra hluthafa sem eru viðstaddir eða eiga fulltrúa á aðalfundi, fari fram á það. Þetta er engu að síður með fyrirvara um rétt hluthafa til að leggja fram ályktun í samræmi við landslög.

4.3. Skráða félagið skal láta þeim hluthöfum, sem eiga rétt á að fá tilkynningu um fundinn, í té upplýsingar um þá ætlun sína að leggja fram ályktun um að samþykkja yfirlýsinguna um starfskjör á aðalfundi.

III. þáttur

3.4. Í yfirlýsingunni um starfskjör skal einnig setja fram samantekt og útskýringar á stefnu skráða félagsins að því er varðar skilmála í samningum framkvæmdastjóra. Þetta tekur m.a. til upplýsinga um gildistíma samninga við framkvæmdastjóra, fresti til að segja samningi upp og ákvæða um starfslokagreiðslur og aðrar greiðslur sem tengjast samningslitum samkvæmt samningum við framkvæmdastjóra.

Starfskjör einstakra stjórnenda

3.5. Einnig skal láta í té upplýsingar um þann tíma sem skráða félagið tekur til að undirbúa og ákvarða stefnu varðandi starfskjör stjórnenda. Þar skulu koma fram upplýsingar, ef við á, um umboð og samsetningu starfskjaranefndar, nöfn utanaðkomandi ráðgjafa sem leitað var til vegna ákvörðunar um stefnu varðandi starfskjör, og hlutverk aðalfundar hluthafa.

5. Upplýsingar um starfskjör einstakra stjórnenda

4. Atkvæði hluthafa

4.1. Með fyrirvara um hlutverk og skipulag hlutaðeigandi aðila, sem bera ábyrgð á að ákvarða starfskjör stjórnenda, skal stefna varðandi starfskjör og verulegar breytingar á henni vera sérstakur liður á dagskrá aðalfundar.

5.1. Í ársreikningum eða skýringum við þá eða, ef við á, í skýrslunni um starfskjör skal láta í té ítarlegar upplýsingar um heildarstarfskjör og aðra umbun einstakra stjórnenda á viðkomandi fjárhagsári.

4.2. Með fyrirvara um hlutverk og skipulag hlutaðeigandi aðila, sem bera ábyrgð á að ákvarða starfskjör stjórnenda, skal leggja yfirlýsingu um starfskjör fram á aðalfundi og bera hana undir atkvæði hluthafa. Atkvæðagreiðslan getur hvort heldur sem er verið bindandi eða leiðbeinandi.

5.2. Í ársreikningum eða skýringum við þá eða, ef við á, í skýrslunni um starfskjör skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar, sem eru taldar upp í liðum 5.3 til 5.6, fyrir hvern þann einstakling sem hefur starfað sem stjórnandi í skráða félaginu á því fjárhagsári sem um ræðir.

- 5.3. Leggja skal fram eftirfarandi upplýsingar að því er varðar starfskjör og/eða greiðslur:
- heildarfjárhæð greiddra launa, sem stjórnandinn hefur fengið greidd eða á inni fyrir þjónustu sína á viðkomandi fjárhagsári, þ.m.t., ef við á, þóknun fyrir fundarsetur sem aðalfundur hluthafa tekur ákvörðun um,
 - starfskjör og fríðindi frá öðru fyrirtæki innan sömu samstæðu,
 - starfskjör í formi hagnaðarhlutdeildar og/eða bónusgreiðslna og ástæður fyrir veitingu þeirra,
 - hvers konar veruleg viðbótarstarfskjör stjórnenda fyrir sérstaka þjónustu sem fellur utan ramma almennra starfa stjórnandans, ef slíkar greiðslur eru heimilar samkvæmt lögum,
 - greiðslur sem sérhver fyrrverandi framkvæmdastjóri hefur fengið eða mun fá í tengslum við starfslok sín á því fjárhagsári,
 - áætlað heildarvirði umbunar í fríðu sem litið er á sem hluta starfskjara, annað en þau atriði sem talin eru upp í a- til e-lið.
- d) breytingar sem verða á skilmálum og skilyrðum varðandi nýtingu samninga um hlutabréfavalrétt á fjárhagsárinu.
- 5.5. Leggja skal fram eftirfarandi upplýsingar að því er varðar kerfi viðbótarlífeyris:
- breytingar á uppsöfnuðum bótum stjórnandans samkvæmt því kerfi á viðkomandi fjárhagsári ef um er að ræða réttindatengt kerfi,
 - ítarlegar upplýsingar um iðgjöld sem skráða félagið hefur greitt eða ber að greiða vegna stjórnandans á viðkomandi fjárhagsári ef um er að ræða iðgjaldatengt kerfi.
- 5.6. Ef slíkar greiðslur eru heimilar samkvæmt landslögum eða stofnsamþykkt skráða félagsins skal gefa upplýsingar um fjárhæðir lána, fyrirframgreiðslna og ábyrgða sem félagið, eða dótturfyrirtæki þess, sem er talið með í samstæðureikningsskilum félagsins, hefur veitt til einstaklings sem hefur gegnt starfi stjórnanda á viðkomandi fjárhagsári, þ.m.t. útistandandi fjárhæðir og vextir.

IV. Þáttur

Hluttengd starfskjör

- 5.4. Leggja skal fram eftirfarandi upplýsingar að því er varðar hluti og/eða rétt til að öðlast hlutabréfavalrétt og/eða hvers kyns önnur hvatahlutakerfi:
- fjöldi samninga um hlutabréfavalrétt sem eru í boði eða fjöldi hluta sem félagið afhendir á viðkomandi fjárhagsári og skilyrði um beitingu þeirra,
 - fjöldi samninga um hlutabréfavalrétt sem voru nýttir á viðkomandi fjárhagsári, fjöldi hluta í hverjum þeirra og nýtingarverð eða virði hlutdeildar í hvatahlutakerfinu, við lok fjárhagsársins,
 - fjöldi samninga um hlutabréfavalrétt sem voru ekki nýttir við lok fjárhagsársins; nýtingarverð þeirra, nýtingardagur og helstu skilyrði fyrir nýtingu réttarins,
6. *Samþykki hluthafa*
- 6.1. Hluthafar skulu samþykkja fyrir fram með ályktun á aðalfundi kerfi starfskjara fyrir stjórnendur í formi hluta, hlutabréfavalréttar eða annars réttar til að kaupa hluti, eða starfskjör á grundvelli verðbreytinga á hlutum. Samþykkið skal varða kerfið sem slíkt en ekki hluttengda umbun samkvæmt kerfinu til einstakra stjórnenda.
- 6.2. Leita skal eftir samþykki aðalfundar að því er varðar eftirfarandi:
- hluttengt kerfi fyrir stjórnendur, þ.m.t. hlutabréfavalréttur,

- b) ákvörðun um hámarksfjölda hluta og helstu skilyrði um hvernig skal standa að veitingu þeirra,
- c) frest til nýtingar valréttar,
- d) skilyrði fyrir síðari breytingum á nýtingarverði valréttarins, ef við á og sé slíkt heimilt að lögum,
- e) hvers kyns önnur hvatningarkerfi til langs tíma fyrir stjórnendur sem öðrum starfsmönnum stendur ekki til boða með sömu skilmálum.
- 6.3. Á aðalfundi skal enn fremur setja þeim aðila sem ber ábyrgð á starfskjörum stjórnenda frest til að láta einstökum stjórnendum slíkar uppbætur í té.
- 6.4. Áður en hvers kyns verulegar breytingar á skilmálum og skilyrðum, sem felast í kerfunum, eru samþykktar skulu hluthafar hafa samþykkt ályktun þess efnis á aðalfundi. Í þeim tilvikum skal veita hluthöfum upplýsingar um alla skilmála í fyrirhuguðum breytingum og þeir skulu fá útskýringar á þeim áhrifum sem þessar breytingar hafa í för með sér.
- 6.5. Ef slíkt fyrirkomulag er heimilt samkvæmt landslögum eða stofnsamþykkt skráða félagsins skulu hluthafar einnig samþykkja hvers kyns fyrirkomulag á afsláttarhlutum sem felur í sér rétt til áskriftar að hlutum á lægra verði en sem nemur markaðsvirði á þeim degi sem verðið er ákvarðað, eða meðaltali markaðsvirðis í nokkra daga fyrir þann dag sem nýtingarverð er ákveðið.
- 6.6. Liðir 6.1 til 6.4 taka ekki til kerfa sem aðalfundur hefur samþykkt þar sem starfsmönnum skráða félagsins er boðin þátttaka í kerfinu með svipuðum skilmálum eða starfsmönnum einhvers af dótturfyrirtækjum þess veittur aðgangur að því.

V. þáttur

Upplýsingar og lokaákvæði

7. Upplýsingar
- 7.1. Hluthafar skulu fá aðgang að kynningarauglýsingu fyrir aðalfundinn þar sem lögð eru fram drög að ályktun í samræmi við lið 6.1 og í samræmi við landslög og/eða stofnsamþykkt skráða félagsins.

Í auglýsingunni skulu hluttengdu starfskjarakerfin eða lýsing á helstu skilmálum þeirra, svo og nöfn allra þátttakenda í kerfinu, birt í heild sinni.

Þar skulu einnig koma fram tengsl milli kerfanna ásamt heildarstefnu varðandi starfskjör stjórnenda.

Í drögum að ályktun skal með skýrum hætti annaðhvort vísað til kerfisins sjálfs eða samantektar yfir helstu skilmála þess.

- 7.2. Hluthafar skulu enn fremur hafa aðgang að upplýsingum um það með hvaða hætti félagið hyggst afla sér þeirra hluta sem krafist er til að það geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt hvatakerfunum. Einkum skal taka skýrt fram hvort félagið hyggst kaupa nauðsynlega hluti á markaði, eigi þá í vörslu sinni eða muni gefa út nýja hluti.

- 7.3. Þessar upplýsingar skulu einnig veita yfirsýn yfir kostnað félagsins af kerfinu með hliðsjón af fyrirhugaðri beitingu.

- 7.4. Setja skal þessar upplýsingar á vefsíðu skráða félagsins.

8. Lokaákvæði

- 8.1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að beitingu þessara tilmæla fyrir 30. júní 2006 og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir, sem eru teknar í samræmi við þessi tilmæli, þannig að framkvæmdastjórnin geti fylgst náið með stöðunni og metið, á þeim grundvelli, hvort frekari ráðstafana er þörf.

- 8.2. Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.